

Ed.

1037. Breytingartillögur

[468. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

b. (3. gr.)

1. másl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.